

# Fjögur lög fyrir sópran, klarinett og píanó

## 1. Skólabæn (Heimild: Þorsteinn Björnsson, Bæ í Borgarfirði (1876-1937))

Nýr skóli á nýjum stað  
minnir oss á tímuna sem hafa verið.  
Hann leiðir oss í spásagnarandanum  
inn í hulda framtíð.  
Sagan segir frá því sem var og er  
og ætíð eru orð hennar  
alvarleg og lærdómsrík.

## 2. Torfi og tófa (Sigurður Breiðfjörð (1798-1846))

Vænt er munn að vanda sinn  
og varast talið ljóta;  
til hvers ertu, Torfi minn,  
tófunni að blóta?

Þó hún deyddi þennan sauð,  
þvílíkt bralla fleiri;  
hún hefur mikið minni auð  
en monsjör Torfi á Eyri.

Þú átt ekkert ektafljóð,  
arfa við að geta,  
en hún á sjö í holu jóð,  
hvað eiga þau að éta?

## 3. Úr drykkjuspili (Ólafur Jónsson á Söndum (1560-1627))

Hýr gleður hug minn  
hásumartíð.  
Skæran lofi skaparann  
öll skepnan blíð.  
Skín yfir oss hans miskunnin.  
Hýr gleður hug minn.

Gleður mig enn sá góði bjór,  
guði sé þökk og lof;  
þó mín sé drykkjan megn og stór  
og mjög við of,  
mun þó ei reiðast drottinn vór.  
- Hýr gleður hug minn.

Vond öldrykkjan veldur oft,  
að veröldin forgár öll,  
sundurþykkja er senn á loft  
og sárleg föll.  
Sumum fer það heldur gróft.  
- Hýr gleður hug minn.

En þegar dánumenn drekka vel  
sem drjúgum oft hefur skeð,  
þá vex af ölinu vináttuþel  
og virðing með.  
Veislu góða ég svoddan tel.  
- Hýr gleður hug minn.

Gott er að drekka það góða öl,  
gleður það mannsins líf,  
meðan að enginn bruggar böll  
né byrjar kíf  
og bróðurleg elska ei líður kvöl.  
- Hýr gleður hug minn.

#### 4. Sofa urtubörn á útskerjum (Þjóðkvæði)

Sofa urtu börn  
á útskerjum;  
veltur sjór yfir þau  
og enginn þau svæfir.

Sofa kisu börn  
á kerhlemmum;  
murra og mala  
og enginn þau svæfir.

Sofa Grýlu börn  
á grjóthólum;  
urra og ýla  
og enginn þau svæfir.

Sofa bola börn  
á báshellum;  
moð fyrir múla  
og enginn þau svæfir.

Sofa manna börn  
í mjúku rúmi;  
bía og kveða  
og babbi þau svæfir.